



Björg Leósdóttir,
starfsmannaþjónusta

Ég ætla að gefa ykkur uppskrift af kjúklingarétti sem ég fann um daginn þegar ég var grúska í uppskriftamöppunni minni. Rétturinn hitti algerlega í mark og það besta við hann er að það tekur bara örfáar mínútur að græja hann í ofninn. Einnig fylgir með uppskrift af fljótlegum eftirrétti sem stendur alltaf fyrir sínu. Ég skora á Margréti Eyfells starfsmann hjá Skrifstofu Ráðhúss að koma með uppskrift í næsta blað.

KJÚKLINGARÉTTUR

6 kjúklíngabringur
2 dl barbecue sósa (Heinz classic barbecue rich and smokey)
2 dl apríkósumarmelaði
0,8-1 dl soyasósa
1 msk púðursykur
250 ml rjómi

Byrjið á því að blanda saman hráefninu (fyrir utan kjúklínginn) og hella helmingnum af því í eldfast mót. Skerið kjúklínginn langsum og raðið í eldfasta mótið og hellið svo afganginum af hráefnunum yfir kjúklínginn. Þetta er svo sett í 200°C heitan ofn og látið malla í um það bil eina klukkustund.

Gott að bera fram með fersku salati og hrísgrjónum.

Fljótlegur eftirréttur

Ég byrja á því að þeyta rúmlega ¼ af rjóma sem ég bragðbæti með bayleys (magn eftir smekk).

Því næst skipti ég rjómanum í eftirréttaskálar (magnið dugar í sex).

Brytja niður púðursykurs-marengs (ég kaupí tilbúin hring þegar ég hef lítinn tíma) og raða í rjómanum í skálunum.

Að lokum brytja ég niður jarðarber, kíví og stráí yfir ásamt bláberjum og niðurskornu suðusúkkulaði.

Verði ykkur að góðu!

Frá 1. febrúar 2014 verða launamiðar vegna ársins 2013 aðgengilegir á starfsmannavefnum eg.akureyri.is. Fjárhæðir af launamiðum verða forskráðar á launaframtal eins og verið hefur.

Minnt er á að starfsmenn geta einnig skoðað launaseðlana sína á starfsmannavefnum.

Mikil áhersla er lögð á að minnka pappírnotkun og viljum við hvetja alla til að nýta sér starfsmannavefinn og afþakka launaseðla á pappír með því að tilkynna það til starfsmannaþjónustu.

Sækja þarf um lykilorð á vefnum www.eg.akureyri.is og getur starfsfólk valið um að fá lykilorðið sent í heimabanka eða sækja það til starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar, Geislagötu 9.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar er að finna í starfsmannahandbókinni á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannavefur>

HEILSURÁÐ AKUREYRARBÆJAR

Eitt af verkefnum í Velferðarstefnu gagnvart starfsmönnum Akureyrarbæjar er að stofna heilsuráð. Hlutverk ráðsins er m.a. að hvetja starfsfólk til heilbrigðs lífarnis, veita vinnustöðum ráðgjöf og standa fyrir fyrirlestrum um heilsuefingu fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Ráðið mun beita sér fyrir þátttöku vinnustaða í átaksverkefnum s.s. „Hjúlað í vinnuna“ og „Lífshlaupinu“ og hafa frumkvæði að því að leita eftir tilboðum í heilsurækt í samvinnu við hagþjónustu. Auk þess mun heilsuráðið vinna að því að á vinnustöðum verði stofnaðar heilsuefingarnefndir.



Bæjarstjóri hefur nú þegar skipað fulltrúa í heilsuráðið, en þeir eru: Alma Rún Ólafsdóttir verkefnastjóri í starfsmannaþjónustu, Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála og Karl Guðmundsson framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Þorsteinn G. Jónsson

Ritnefnd: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir, Hjörleifur Hjálmarsson og Þorsteinn G. Jónsson

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

1. töl. 9. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR febrúar 2014

VETRARBÆRINN AKUREYRI

Þessi mynd er tekin 4. febrúar 2014, kl. 10:00. Hún er enn ein sönnunin fyrir því hversu fallegur bærinn okkar er og umhverfið líka. Hvað sá ljósmyndarinn þegar myndin var tekin? Hvaða sögu er hægt að segja með því að horfa á myndina? Hefði Höepfner kaupmaður farið á skauta í Skautahöllinni ef hún hefði verið risin á hans tíma? Hvað eru annars margir fuglar á myndinni?



Mynd: Lisa Kaplon



Alþjóðastofa var stofnuð árið 2002 og heyrir undir samfélags- og mannréttindadeild. Upphaflega var hún til húsa að Glerárgötu 28 en færði sig yfir í Ráðhúsið fyrir nokkrum árum og er þar nú með skrifstofu á 1. hæð. Starfsemi Alþjóðastofu byggir á upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og fræðslu við útlendinga, miðlun túlka og almennri fræðslu um útlendingamál í fyrirtækjum og stofnunum. Á Alþjóðastofu starfa tveir ráðgjafar sem sjá um upplýsingaþjónustu alla virka daga og veita ráðgjöf á 5 tungumálum (íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og lettnesku).

Auk þessara verkefna hefur Alþjóðastofa séð um minni menningarviðburði og verkefni með alþjóðlegu ívafi. Til dæmis skipulagði Alþjóðastofa haustið 2013, í samstarfi við m.a. kvikmyndaklúbb Akureyrar og Akureyrarstofu, sýningar á evrópskum teiknimyndum fyrir börn. Önnur verkefni eru alþjóðlegir foreldramorgnar sem hafa verið haldnir og tekist mjög vel (International Parents Meeting Group) og alþjóðlegt konukaffi (International Women's Coffee), þar sem konur af öllum þjóðernum og á öllum aldri koma saman og eiga saman góða stund á stöðum vítt og breitt um bæinn, nú síðast í janúar þegar leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar tók á móti hópnun í Samkomuhúsinu.



Í október 2013 var svo „stofnaður“ litill pólskur helgarskóli sem býður börnum upp á móðurmálskenndu endurgjaldslaust á laugardögum í samræmi við 8. markmið Fjölmenningsstefnu Akureyrarbæjar frá árinu 2010.

Alþjóðastofa hefur einnig stutt við starfsemi Bókaprjónatalasamaná-íslenskuklúbbsins sem hittist vikulega í kaffiteríu Amtsbókasafnsins, les og spjallar saman á íslensku.

Alþjóðastofa heldur úti heimasíðunni www.astofan.akureyri.is.



Þar sem hinir síðustu verða fyrstir

Undirbúningur árshátíðarinnar er í uppsveiflu. Matseðillinn kominn í hús, búið að ganga frá hljómsveitarmálum og skemmtiatriðum.

Matseðillinn:

Forréttur:

Djúpsteikt bleikja tempura með sætri soya, ofnbakaður saltfiskur með mangósalsa og fylltur tómatur með rækjum í andalúsíusósu borið fram með smjördeigsbakstri og blönduðu salati.

Aðalréttur:

Villikryddað lambaprime og grilluð dionmarineruð kjúklingabringa, borin fram með steiktu rötargrænmeti, spergilkáli, hazzelback kartöflu og sveppasósu.

Eftirréttur:

Frönsk súkkulaðikaka, borin fram með vanilluís, berjakompot og þeyttum rjóma.

Hljómsveit Matta Matt mun leika fyrir dansi í salnum og á efri hæðinni mun hljómsveit frá Tónlistarskólanum þenja hljóðfærin fyrir þá sem vilja dansa í öðrum takti.

Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson, öðru nafni Hundur í óskilum, annast veislustjórn eins og þeim einum er lagið. Systurnar „Sister sisters“ munu taka nokkur lög og svo verður að sjálfsögðu mjög óvænt og spennandi atriði sem ekki verður upplýst um fyrr en síðar. En þó skal þess getið að þar mun ótrúlegasta fólk sýna á sér alveg nýjar hliðar.

Auglýsing og skráningarblöð verða send út á stofnanir um miðjan febrúar. Skráningu lýkur 4. mars og sala miða fer fram á skóladeildinni 10.–11. mars. Eins og áður munu stofnanir greiða fyrir sína starfsmenn svo þeir þurfa ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að skrá sig og mæta svo í sínu fínasta þússi í Höllina.

Þorgeir eða Brói, eins og hann er oftast kallaður, er fæddur 1955 og ólst upp við Eyjafjörð, bæði í Hrísey og á Akureyri. Þegar Brói var 19 ára fór hann á vertíð vestur á firði. Þar var hann í 14 ár og bjó í Hnífsdal. Brói stofnaði þar fjölskyldu og eignaðist tvö börn. Árið 1988 kom Brói svo heim aftur og settist að í Hrísey.

Í hverju er starfið fölgjöld?

Ég er verkstjóri í áhaldahúsi sem felur í sér umhirdu svæða í Hrísey. Ég sé um ruslið og snjómoksturinn er á minni könnu sem og hálkuvörn. Viðhald á öllum vegum. Eyðing á lúpínunni og kerfli. Uppbygging á göngustígum er líka í mínum verkahring.

Hvað er skemmtilegast við starfið?

Fjölbreytni er það sem er skemmtilegast. Það er enginn dagur eins.

Fjölskylduhagir?

Ég á 4 börn. Ég er í sambúð með Ingu Ingimarsdóttur.

Áhugamál?

Ég á fjöldann allan af áhugamálum. Kannski allt of mörg. Þau helstu eru Hrísey og uppbygging í eyjunni. Ferðamennska er líka mikið áhugamál hjá mér. Ég hef líka gaman af gömlum bílum. Svo eru umhverfismál mikið áhugamál hjá mér.

Leyndir hæfileikar?

Ég er hugmyndaríkur og nýjasta áhugamálið mitt er að útbúa listaverk. Svo kom ég sjálfum mér á óvart hvað mér tókst vel upp við hellulagnir sl. sumar þegar ég útbjó hring Þorgeirsbola, en það er áningarstaður í litla gönguhringnum um Hrísey. Hringurinn er kallaður orkuhringurinn.

Hvaða bók lastu síðast?

Ég var að glugga í bók eftir frænda minn Þorstein Þorleifsson Bókin heitir *Viðvaningur*.

Ætlar þú á þorablótið?

Já, maður sleppir ekki þorablótinu. Svo er grautardagur um helgina en hann er haldinn einu sinni í mánuði. Á grautardögum hittumst við íbúarnir, borðum graut og ræðum málin.

Uppáhaldsmatur?

Gamli íslenski maturinn er í miklu upphaldi.

Uppáhaldskvikmynd?

Ég vil hafa spennu og hasar í myndunum og Clint Eastwood er minn upphaldsleikari.

Á að skella sér á árshátíð bæjarins?

Já, það er stefnt á það.

Áttu þér draum?

Ég á draum um að eignast hinn helminginn af eyjunni.

Innanbæjarkrónikan í þremur orðum?

Nauðsynlegur þarfur bækingur.



Þorgeir Jónsson, altnuligmand í Hrísey